

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 18. desember 1975

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilteknar niðurseyddar mjólkurvörur til manneldis

(76/118/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að stuðla að stofnun innri markaðar fyrir niðurseydda mjólk og ákveða framleiðsluskilyrði sem taka mið af kröfum neytenda og auðvelda viðskiptatengsl á grundvelli heiðarlegrar samkeppni ber að setja sameiginlegar reglur um samsetningu, notkun á fráteknum heitum, framleiðsluforskriftir og merkingu á viðkomandi framleiðsluvörum.

Núverandi ósamræmi í ákvæðum landslaga milli aðildarríkjanna er gilda um þessar framleiðsluvörur torveldar frjálsa flutninga og leiðir til ójafnra samkeppnisskilyrða.

Ákvörðun um greiningaraðferðir vegna eftirlits með hreinleikaskilyrðum aukefna og tæknilegra hjálparefna sem notuð eru við framleiðslu á niðurseyddri mjólk, og ákvörðun um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með samsetningu og framleiðsluforskriftum þessarar mjólkur, eru tæknilegar framkvæmdaráðstafanir og til að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 65, 5. 6. 1970, bls. 47.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 146, 11. 12. 1970, bls. 26.

Æskilegt er, í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni umboð til að koma reglum um matvæli í framkvæmd, að kveðið sé á um hvernig koma skuli á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 <sup>(3)</sup>.

Tilteknur reglur um vörumerkingar sem settar eru í þessari tilskipun er ekki unnt að koma til framkvæmda sem stendur vegna þess að þær kynnu að valda misskilningi hjá kaupendum.

Í sumum tilvikum nægir að kveða á um frekari frest og myndi þá tilskipunin gilda í heild sinni að honum loknum.

Í öðrum tilvikum er skylt að viðhalda ákvæðum í landslögum ásamt ákvæði um endurskoðun.

Þar til reglur bandalagsins um merkingu er varða gæði niðurseyðrar mjólkur hafa verið samþykktar skulu ákvæði í landslögum gilda, en endurskoða verður stöðu mála ef ekki reynist unnt að koma á bandalagskerfi innan þriggja ára.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

1. Þessi tilskipun varðar hálf- eða fullþurrkaða niðurseydda mjólk eins og hún er skilgreind í viðaukanum.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „hálfþurrkuð mjólk“ (partly dehydrated milk): afurð í vökvaformi sem fengin er beint með því að fjarlægja hluta vatns úr nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu, eða blöndu þessara vara, með hugsanlega íbættum rjóma eða fullþurrkaðri mjólk eða hvorutveggja og má við-

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 291, 29. 11. 1969, bls. 9.

bætta fullþurrkaða mjólkinni ekki vera meira en 25% af öllum mjólkurþurrefnunum samtals í fullunninni vöru. Þó er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda á yfirráðasvæðum sínum banni við að nota fullþurrkaða mjólk við framleiðslu og markaðssetningu á hálfþurrkaðri mjólk ef banninu var komið á fyrir 1. október 1974.

Þegar ráðið samþykkir gæðaskilyrðin sem um getur í d-lið 1. mgr. 11. gr. og í síðasta lagi tveimur árum eftir birtingu þessarar tilskipunar skal það ákveða hvort það viðhaldi þessu banni;

- b) „fullþurrkuð mjólk“ (wholly dehydrated milk): afurð í föstu formi sem inniheldur ekki meira en 5% vatn, miðað við þyngd fullunninnar vöru, unnin beint með því að fjarlægja vatn úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma eða blöndu af þessum vörum.

3. Niðurseyðing á þeim vörum sem eru skilgreindar í viðauka fer fram:

- i) með dauðhreinsun við hitun þegar um er að ræða vörur sem um getur í a- til d-lið 1. tölul.;
- ii) með því að bæta við súkrósa (hálfhvítur sykur, sykur, hvítsykur eða fínhreinsaður hvítsykur) þegar um er að ræða vörur sem um getur í e- til g-lið 1. tölul.;

iii) með þurrkun þegar um er að ræða vörur í 2. tölul.

#### 2. gr.

Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar sem eru skilgreindar í viðaukanum séu einungis settar á markað ef þær eru í samræmi við skilgreiningar og reglur þessarar tilskipunar og viðauka hennar.

#### 3. gr.

1. Heitin í viðaukanum skulu aðeins notuð um vörur sem þar eru skilgreindar og skulu notuð í viðskiptum til að lýsa þeim.

2. Einnig er viðkomandi aðildarríkjum heimilt að nota eftirfarandi heiti á yfirráðasvæðum sínum:

a) „evaporated milk“ á Írlandi og í Breska konungsríkinu til að merkja ósykraða niðurseydda mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, að minnsta kosti 9% fitu og 31% samtals af þurrmjólkurefnum;

b) „kondenseret kaffefløde“ í Danmörku, „kondensierte Kaffeesahne“ í Þýskalandi og „panna da caffè“ á Ítalíu til að merkja vöruna sem er skilgreind í d-lið 1. tölul. í viðaukanum;

c) „flødepulver“ í Danmörku, og „Rahmpulver“ og „Sahnepulver“ í Þýskalandi til að merkja vöruna sem er skilgreind í d-lið 2. tölul. í viðaukanum.

3. Fimm árum eftir birtingu þessarar tilskipunar getur ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkt að breyta eða fella 2. mgr. úr gildi.

#### 4. gr.

Með fyrirvara um önnur ákvæði er varða hollustuhætti og bandalagið samþykkir í tengslum við undirstöðuvörurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skal meðhöndla þessar vörur með hita sem jafngildir að minnsta kosti gerilsneyðingu ef slík meðhöndlun er ekki innifalin í framleiðsluáferð varanna sem eru skilgreindar í 1. mgr. 1. gr.

#### 5. gr.

1. Við framleiðslu á vörum sem skilgreindar eru í a- til d-lið 1. tölul. í viðauka er einungis heimilt að nota eftirfarandi efni:

- natríum- og kalíumbíkarbónöt,
- E 331 natríumsítröt (natríumsölt af sítrónusýru),
- E 332 kalíumsítröt (kalíumsölt af sítrónusýru),
- E 339 natríumortófosföt (natríumsölt af ortófosfórsýru),
- E 340 kalíumortófosföt (kalíumsölt af ortófosfórsýru),
- kalsíumklóríð,
- E 450 natríum og kalíumpólýfosföt:
- a) dífosföt,
- b) trífosföt, þegar um er að ræða leifturhitaða (UHT) ósykraða hálfþurrkaða mjólk,

- c) ógreinótt pólýfosföt (sem innihalda ekki meira en 8% af hringtengdum efnasamböndum) þegar um er að ræða leifturhitaða (UHT) ósykraða hálfþurrkaða mjólk;
- að því tilskildu að heildarmagn þessara efna, miðað við þyngd þeirra í fullunninni vöru, sé ekki meira en:
- 0,2% í vörum sem innihalda ekki meira en 28% samtals af þurrefnum,
- 0,3% í vörum sem innihalda meira en 28% samtals af þurrefnum;
- að því tilskildu að heildarinnihald af trífosfötum og ógreinóttum pólýfosfötum, miðað við þyngd, gefinn upp sem  $P_2O_5$ , í leifturhitaðri (UHT) ósykraðri hálfþurrkaðri mjólk, sé ekki meira en 0,1%;
- að því tilskildu að heildarinnihald viðbættis fosfats, gefið upp sem  $P_2O_5$ , sé ekki meira en 0,1% í vörum sem innihalda ekki meira en 28% samtals af þurrefnum, og ekki meira en 0,15% í vörum sem innihalda meira en 28% samtals af þurrefnum.
2. Við framleiðslu á vörum sem skilgreindar eru í e- til g-lið 1. tölul. í viðauka er aðeins heimilt að nota eftirfarandi efni:

- a) efnin sem eru talin upp í 1. mgr., að því tilskildu að heildarmagn þeirra, miðað við þyngd í fullunninni vöru, sé ekki meira en 0,2% og að heildarinnihald viðbættis fosfats, gefið upp sem  $P_2O_5$ , sé ekki meira en 0,1%;
- b) laktósa, ekki meira en 0,02%, miðað við þyngd fullunninnar vöru, með, ef svo ber undir, viðbættu tríkalsíumfosfati, ekki meira en 10% af hinum viðbætta laktósa.

3. Við framleiðslu á vörum sem skilgreindar eru í 2. tölul. í viðauka er aðeins heimilt að nota eftirfarandi efni:

- a) efnin sem eru talin upp í 1. mgr.:
- að því tilskildu að heildarmagn þeirra, miðað við þyngd í fullunninni vöru, sé ekki meira en 0,5%, þar af 0,2% hámarksinnihald af natríum- og kalcíumbíkarbónati. Magnið af hinu síðartalda má mest vera 0,3% í fullþurrkaðri mjólk af gerðinni „Hatmaker“ eða „Roller“, sem ekki er ætluð til smásölu og framleidd án efnanna sem talin eru upp í 1. mgr.; þó er Breska konungsríkinu heimilt að leyfa smásölu á

þessari mjólk á yfirráðasvæði sínu;

- að því tilskildu að heildarinnihald viðbættis fosfats, gefið upp sem  $P_2O_5$ , sé ekki meira en 0,25%;

- b) L-askorbínsýru (E 300), natríum L-askorbat (E 301) og askorbýlpalmítat (E 304), ein sér eða saman, en mest 0,05%, miðað við þyngd fullunninnar vöru, gefið upp sem askorbínsýra.

4. Þegar heiti þeirra vara sem eru skilgreindar í a-, c- og d-lið 2. tölul. viðaukans skírskotar til þess að þær séu auðleystar (instant) er einnig heimilt að nota lesítín (E 322) við framleiðslu þeirra, en mest 0,5% miðað við þyngd.

5. Þegar getið er um hundraðshluta aukefnis í þessari grein er átt við vatnsfirrt efni.

6. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa á yfirráðasvæðum sínum notkun viðbótaraukefna í fullþurrkaða mjólk sem er notuð í sjálfsöllum og greinilega merkt sem slík.

7. Þrátt fyrir 1. – 3. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa á yfirráðasvæðum sínum viðbætt vítamín í vörurnar sem skilgreindar eru í viðaukanum.

6. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 11. gr. má mjólkursykurrinnihald þeirra vara sem eru skilgreindar í viðaukanum ekki vera meira en 300 mg í hverjum 100 g af fitulausum mjólkurþurrefnum.

7. gr.

1. Einu upplýsingarnar sem skylt er að setja á umbúðir, ílát eða merkimiða vara sem skilgreindar eru í viðaukanum eru eftirfarandi upplýsingar og skulu þær vera áberandi, læsilegar og óafmáanlegar:

- a) eitt þeirra heita sem eru frátekin fyrir þessar vörur í samræmi við 3. gr.;
- b) merkingin „auðleyst“ og tilvísun til notkunar á lesítíni fast á eftir heitinu, þegar heimildin sem um getur í 4. mgr. 5. gr. er nýtt;
- c) hundraðshluti mjólkurfitu gefinn upp sem hlutfall fullunninnar vöru miðað við þyngd, fyrir utan þær vörur

sem eru skilgreindar í b- og f-lið 1. tölul. og b-lið 2. tölul. í viðaukanum og hundraðshluti fitulausra mjólk-urþurrefna úr mjólk í vörum sem eru skilgreindar í 1. tölul. viðaukans;

d) nánari upplýsingar um þurrkunaraðferðina fyrir vörur sem eru skilgreindar í 2. tölul. viðaukans;

e) notkunarleiðbeiningar fyrir vörur sem eru skilgreindar í 1. tölul. viðaukans, ætlaðar til smásölu; í stað þessara leiðbeininga mega koma upplýsingar um notkun vörunnar ef hún er ætluð til neyslu í óbreyttu ástandi; allt til loka aðlögunartímabilsins sem um getur í h-lið er aðildarríkjunum heimilt að fyrirskipa að ef slíkar upplýsingar varða magn, uppgefið í þyngd eða rúmmáli, skuli þær einnig gefnar upp í sambærilegum breskum mælieiningum;

f) ráðleggingar til að leysa upp eða þynna vörur sem eru skilgreindar í 2. tölul. viðaukans, ætlaðar til smásölu, að meðtöldum upplýsingum um fituinnihald vörunnar eftir uppleysingu eða þynningu, nema fyrir þær vörur sem eru skilgreindar í b-lið 2. tölul. viðaukans; allt til loka aðlögunartímabilsins sem um getur í h-lið er aðildarríkjunum heimilt að fyrirskipa að ef slíkar upplýsingar varða magn, uppgefið í þyngd eða rúmmáli, skuli þær einnig gefnar upp í sambærilegum breskum mælieiningum;

g) merkingin „UHT“ eða „meðhöndlað með leifturhitun“ á vörum sem eru skilgreindar í a- til d-lið í viðaukanum, þegar þessar vörur eru unnar á þennan hátt og þeim pakkað í dauðhreinsaðar umbúðir;

h) tilgreind þyngd, gefin upp í grömmum eða kílógrömmum, og fyrir vörur sem eru í vökvaformi eða hálfgerðu vökvaformi, tilgreint rúmmál, gefið upp í lítrum, sentílítrum eða millílítrum; þar til ákvæði bandalagsins í þessu efni öðlast gildi skal beita innlendum ákvæðum um mælingu og merkingu á tilgreindu rúmmáli og þyngd.

Allt til loka aðlögunartímabilsins, á meðan heimilt er að nota í bandalaginu bresku mælieiningarnar í II. viðauka við tilskipun ráðsins 71/354/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögum <sup>(2)</sup>, skal, ef Írland og

Breska konungsríkið æskja þess fyrir vörur markaðssettar á þeirra yferráðasvæðum, merkingunni um tilgreinda þyngd eða tilgreint rúmmál innihaldsins, gefið upp samkvæmt mælieiningum alþjóðlega kerfisins, fylgja merking um tilgreinda þyngd eða tilgreint rúmmál innihaldsins gefið upp í breskum mælieiningum reiknað út á grundvelli eftirfarandi breytistuðla:

1 ml = 0,0352 lagarúnsur,

1 l = 1,760 hálfpottar eða  
0,220 gallon,

1 g = 0,0353 únsur (avoirdupois),

1 kg = 2,205 pund;

i) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang eða skráð skrifstofa framleiðanda, pökkunaraðila eða söluaðila með staðfestu innan bandalagsins.

2. Upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið og h-lið 1. mgr. skulu sýndar á einum af stærsta fleti umbúðanna eða flátsins og á sama sjónsviði.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að:

a) viðhalda ákvæðum í landslögum þar sem krafist er:

— innihaldslýsingar,

— skrár yfir aukefni,

— dagsetningar,

— upplýsinga um verksmiðju eða pökkunarverksmiðju; þó er heimilt að að veita þessar upplýsingar eingöngu á táknmáli,

— upplýsinga um upprunalandið, þó er ekki heimilt að krefjast þessara upplýsinga um vörur sem eru framleiddar innan bandalagsins,

— með fyrirvara um 8. mgr., sérstakra notkunarleiðbeininga fyrir léttmjólkur- og undanrennuvörur fyrir kornabörn þegar þessar vörur eru seldar í smásölu;

b) viðhalda eða setja innlend ákvæði þar sem farið er fram á ábendingu um dagsetningu vara í a- til d-lið 1. tölul. í viðaukanum þegar þessar vörur hafa fengið meðhöndlun með leifturhitun (UHT) og þeim pakkað í dauðhreinsaðar umbúðir.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið samþykkir að því er heilsufæði varðar, er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda eða setja innlend ákvæði þar sem krafist er upplýsinga um magn viðbættra vítamína.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 243, 29. 10. 1971, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 14.

5. Ef vörumum sem skilgreindar eru í viðaukanum er pakkað í umbúðir eða ílát sem tilgreint er að séu meira en 20 kg að þyngd og eru ekki seldar í smásölu er heimilt að upplýsingarnar sem krafist er í b- til h-lið 1. mgr. komi aðeins fram í fylgiskjölunum.

6. Ef vörum sem eru minna en 20 g að þyngd hver eining er pakkað í ytri umbúðir er heimilt að upplýsingarnar sem farið er fram á í b- til h-lið 1. mgr. komi aðeins fram á ytri umbúðunum.

7. Í fjögur ár frá birtingu þessarar tilskipunar og þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa að frátekn heitinu á umbúðum, ílátum eða merkimiðum fylgi heitið sem áður var notað samkvæmt venju eða ákvæðum í landslögum sem giltu þegar þessi tilskipun var birt.

8. Ráðið endurskoðar undanþágurnar í síðasta undirlið a-liðar 3. mgr. innan þriggja ára frá birtingu þessarar tilskipunar á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, ásamt viðeigandi tillögum ef svo ber undir.

Að því er léttmjólkurvörur varðar fellur þessi undanþága úr gildi fimm árum eftir birtingu þessarar tilskipunar.

9. Aðildarríki skulu ekki setja nánari reglur en þær sem mælt er fyrir um í 1. mgr. um hvernig skuli veita upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein.

Þó er aðildarríkjunum heimilt að banna á yfirráðasvæðum sínum viðskipti með vörur sem skilgreindar eru í viðaukanum ef upplýsingarnar sem um getur í a- til g-lið 1. mgr. eru ekki settar á einn af stærstu flötum umbúðanna, ílátanna eða á merkimiðana, eða í fylgiskjölunum, eins og kveðið er á um í 5. mgr., á tungumáli eða tungumálum landsins.

10. Ákvæði 1. – 9. mgr. gilda með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið samþykkir um vörumerkingu.

8. gr.

Framleiðandi eða pökkunaraðili skal pakka þeim smásölvörum sem um getur í 1. gr. í lokað ílát sem verja vöruna

gegn skaðlegum áhrifum og skulu þau afgreidd ósködduð til neytenda.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting ósamhæfðra ákvæða í landslögum sem gilda um samsetningu, framleiðsluforskriftir, umbúðir eða merkingar á þessum vörum sérstaklega, eða matvælum almennt, hindri ekki viðskipti með vörur sem um getur í 1. gr. og eru í samræmi við skilgreiningar og reglur sem settar eru í þessari tilskipun og viðauka hennar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ósamhæfð ákvæði landslaga sem sett eru til þess að:

— vernda almannheilbrigði,

— koma í veg fyrir svik, ef þau ákvæði hindra ekki að skilgreiningum og reglum sem kveðið er á um í tilskipun þessari sé beitt,

— vernda einkarétt á sviði iðnaðar og viðskipta, upplýsingar um uppruna og skráð heiti og til að koma í veg fyrir óheildarlega samkeppni.

10. gr.

1. Hafi aðildarríki, vegna nýrra upplýsinga sem komið hafa fram eða vegna endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum frá því að þessi tilskipun var samþykkt, gild rök til að ætla að notkun einhverra þeirra efna sem talin eru upp í 5. gr. í þær vörur er um getur í viðaukanum, eða leyfilegt hámarks magn kunni að stofna heilsu manna í hættu, jafnvel þótt í samræmi sé við ákvæði þessarar tilskipunar, er því heimilt að fella umrædd ákvæði tímabundið úr gildi eða takmarka beitingu þeirra á yfirráðasvæði sínu. Það skal þegar í stað tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðunina.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna eins fljótt og unnt er þau rök sem viðkomandi aðildarríki færir fram og hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um matvæli; hún skal skila álitu sínu án tafar og gera viðeigandi ráðstafanir.

3. Telji framkvæmdastjórnin breytingar á þessari tilskipun nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem minnst er á í 1. mgr. og til að tryggja heilsu manna skal hún hefja þá

málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 12. gr. í því augnamiði að samþykkja þær; aðildarríkinu sem samþykkt hefur öryggisráðstafanir er í því tilviki heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa verið samþykktar.

*11. gr.*

1. Ráðið skal setja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar:

- a) nauðsynleg hreinleikaskilyrði fyrir aukefnin eða vörur sem eru notaðar sem aukefni samkvæmt 5. gr.;
- b) hreinlætis-, efna- og eðlisfræðileg skilyrði fyrir vörurnar sem skilgreindar eru í viðaukanum;
- c) örverufræðileg skilyrði fyrir vörurnar sem eru skilgreindar í viðaukanum;
- d) gæðaskilyrði fyrir fullþurrkaða mjólk sem heimilt er að nota við framleiðslu á hálfþurrkaðri mjólk í samræmi við a-lið 2. mgr. 1. gr.

2. Eftirfarandi skal ákvarðað í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.:

- i) greiningaraðferðir sem eru nauðsynlegar vegna eftirlits með fyrrnefndum hreinleikaskilyrðum;
- ii) reglur um sýnatöku og greiningaraðferðir sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með samsetningu og framleiðsluforskriftum þeirra vara sem eru skilgreindar í viðaukanum.

*12. gr.*

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 (hér á eftir kölluð „nefndin“) að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta og atkvæði aðildarríkjanna veg-

in samkvæmt 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

*13. gr.*

Ákvæði 12. gr. gilda í átján mánuði frá þeim degi að málinu var fyrst vísað til nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 12. gr.

*14. gr.*

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á lög aðildarríkjanna er varða gæðamerkingar á vörum sem um getur í viðaukanum og eru framleiddar á yfirráðasvæðum þeirra.

Hafi viðeigandi bandalagsákvæði ekki verið samþykkt innan þriggja ára frá birtingu þessarar tilskipunar skal ráðið endurskoða ákvæði þessarar greinar á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, ásamt viðeigandi tillögum.

*15. gr.*

Þessi tilskipun gildir ekki:

- með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið samþykkir, um heilsufæði eða vörur sem sérstaklega eru tilreiddar fyrir kornabörn og ung börn;
- um vörur ætlaðar til útflutnings frá bandalaginu.

*16. gr.*

Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn ber til, breyta lögum sínum í samræmi við þessa tilskipun innan eins ár frá birtingu hennar. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um breytingarnar svo og um þær undanþágur sem kveðið er á um í þessari tilskipun og þau nýta sér. Eigi síðar en tveim árum eftir birtingu þessarar tilskipunar skulu hin breyttu lög gilda um vörur sem settar eru á markað í fyrsta sinn í aðildarríkjunum.

*17. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1975.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. TOROS

*forseti.*

## VIÐAUKI

## HEITI OG MERKINGAR Á VÖRUM

## 1. Hálfþurrkuð mjólk sem þessi tilskipun gildir um

## a) Ósykruð niðurseydd nýmjólk

Hálfþurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 7,5% af fitu og 25% samtals af mjólkurþurrefnum.

## b) Ósykruð niðurseydd undanrenna

Hálfþurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki meira en 1% af fitu og ekki minna en 20% samtals af mjólkurþurrefnum.

## c) Ósykruð niðurseydd léttmjólk

Hálfþurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 1% og ekki meira en 7,5% af fitu og ekki minna en 20% samtals af mjólkurþurrefnum. Hálfþurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, milli 4 og 4,5% af fitu og ekki minna en 24% samtals af mjólkurþurrefnum er eina mjólkin sem heimilt er að selja í smásölu undir þessu heiti.

## d) Ósykruð niðurseydd fiturík mjólk

Hálfþurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 15% af fitu og ekki minna en 26,5% samtals af mjólkurþurrefnum.

## e) Sykruð niðurseydd nýmjólk

Hálfþurrkuð mjólk með íbættum súkrósa (hálfhvítur sykur, sykur, hvítsykur eða fínhreinsaður hvítsykur) sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 8% af fitu og 28% samtals af mjólkurþurrefnum. Hálfþurrkuð mjólk með íbættum súkrósa (hálfhvítur sykur, sykur, hvítsykur eða fínhreinsaður hvítsykur) sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 9% af fitu og 31% samtals af mjólkurþurrefnum er eina mjólkin sem heimilt er að selja í smásölu undir þessu heiti.

## f) Sykruð niðurseydd undanrenna

Hálfþurrkuð mjólk með íbættum súkrósa (hálfhvítur sykur, sykur, hvítsykur eða fínhreinsaður hvítsykur) sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki meira en 1% af fitu og ekki minna en 24% samtals af mjólkurþurrefnum.

## g) Sykruð niðurseydd léttmjólk

Hálfþurrkuð mjólk með íbættum súkrósa (hálfhvítur sykur, sykur, hvítsykur eða fínhreinsaður hvítsykur) sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 1% og ekki meira en 8% af fitu og ekki minna en 24% samtals af mjólkurþurrefnum. Hálfþurrkuð mjólk með íbættum súkrósa (hálfhvítur sykur, sykur, hvítsykur eða fínhreinsaður hvítsykur) sem inniheldur, miðað við þyngd, milli 4 og 4,5% af fitu og ekki minna en 28% samtals af mjólkurþurrefnum er eina mjólkin sem heimilt er að selja í smásölu undir þessu heiti.

## 2. Fullþurrkuð mjólk sem þessi tilskipun gildir um

## a) Þurrkuð nýmjólk eða nýmjólkurduft

Þurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 26% af fitu.

- b) *Purrkuð undanrenna eða undanrennuduft*  
Purrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki meira en 1,5% af fitu.
  - c) *Purrkuð léttmjólk eða léttmjólkurduft*  
Purrkuð mjólk með ekki minna en 1,5% fituinnihald og ekki meira en 26% miðað við þyngd.
  - d) *Purrkuð fiturík mjólk eða duft úr fituríkri mjólk*  
Purrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, ekki minna en 42% af fitu.
-